

EFTIRLITSSKÝRSLA

Íslenska Kalkþörungafélagið Bíldudalur



Dags eftirlits	26.10.2022	Ábyrgðarmaður eftirlits	Freyr Ævarsson
Fyrirtæki	Íslenska Kalkþörungafélagið	Eftirlitsmaður	Sigríður Kristinsdóttir
Heimili	Hafnargata 4, Bíldudal	Tegund eftirlits	Reglubundið seinna eftirlit
Kennitala	680601-2670	Flokkur	Verksmiðja
Fulltrúi fyrirtækis	Halldór Halldórsson	ÍSAT nr.	08990
Fulltrúi fyrirtækis	Tryggvi Baldur Bjarnason	Staðsetning	288910,327 584086,181

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Tvö frávík komu fram í eftirlitinu: a) Magn ryks í útblæstri frá eldri þurrkara er umfram heimild skv. starfsleyfi. b) Styrkukning svifefna í sjó fyrir utan setlón er umfram heimild í starfsleyfi. Auk þess voru tvær ábendingar gerðar er varða: a) Skil skráninga vegna varps í hafið. b) Umgengni á lóð og uppsetningu girðingar umhverfis lóðina.

UMFANG EFTIRLITS

Í samræmi við ákvæði 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit var farið í vettvangsheimsókn vegna seinna eftirlits ársins hjá kalkþörungaverksmiðju Íslenska kalkþörungafélagsins á Bíldudal. Viðstödd fundinn voru Halldór Halldórsson forstjóri, Tryggvi Baldur Bjarnason verksmiðjustjóri, Gunnur Ólafsdóttir gæðastjóri og Almar Sveinsson f.h. Íslenska kalkþörungafélagsins og Freyr Ævarsson og Sigríður Kristinsdóttir f.h. Umhverfisstofnunar.

Íslenska kalkþörungafélagið er með starfsleyfi sem var gefið út af Umhverfisstofnun 29. janúar 2021 og gildir til 29. janúar 2037. Starfsleyfið heimilar framleiðslu á allt að 120.000 tonnum árlega af kalki og öðrum kalkafurðum.

Umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Staða frávika og ábendinga úr fyrri eftirlitsskýrslum
 - Útblástursmælingar
 - Skráningar á rekstri hreinsivirkja
 - Styrkukning svifefna í setlóni
 - Hávaðamælingar
 - Aðrar ábendingar
- Önnur atriði úr starfsleyfi og eftirlitsskýrslum
 - Varp á náttúrulegu óvirku efni úr setlóni, í hafið
 - Mælingar á setmyndun (gr. 4.2)
 - Skýrslugjöf (gr. 4.4)
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
- Kynning á heimildum til álagninga stjórnvaldssekta
- Önnur mál
- Skoðunarferð

- Staða frávika og ábendinga úr fyrri eftirlitsskýrslum

- Útblástursmælingar

Í fyrra eftirliti ársins kom fram frávík vegna of mikils ryks í útblæstri frá báðum þurrkurum verksmiðjunnar. Unnið var skv. úrbótaáætlun sem fólst í því að sérfræðingur var fenginn til að leggja fram tillögur að úrbótum. Ryk í útblæstri var aftur mælt þann 12. október sl. og voru niðurstöður þeirra mælinga að útblástur frá nýrri þurrkara verksmiðjunnar stóðst þær kröfur sem gerðar eru í starfsleyfi en ryk í útblæstri frá eldri þurrkaranum var enn of mikið.

Til að hindra að ryk berist frá lóð fyrirtækisins er bryggjan þrífur eftir útskipanir, spúluð og sópuð með götusóp. Einnig hefur starfsmönnum á hverri vakt verið fjölgað, og eru nú fimm, til að auka möguleika á þrífum innanhúss.

Minnt var á kröfu í starfsleyfi um að vindbrjótar skulu „settir upp innan þriggja ára frá útgáfu starfsleyfisins til þess að skýla hráefnishaugum og draga þannig úr áhættu á rykmengun." Vindbrjótar skulu skv. því vera komnir upp fyrir 29. janúar 2024. Samkvæmt upplýsingum frá rekstraraðila er stefnt

að því að vindbrjótar verði komnir upp á tilskildum tíma.

b. Skráningar á rekstri hreinsivirkja

Ítrekað er að skrá skal allt viðhald við hreinsivirki verksmiðjunnar og skal, skv.gr. 4.1 og 4.4 í starfsleyfi, skila öllum slíkum skráningum til Umhverfisstofnunar.

c. Styrkukning svifefna í setlóni

Mælingar á svifögnum í sjó fyrir og eftir dælingu í júní 2022 sýndu aukið magn svifagna á þremur af fjórum mælistöðum. Alls staðar þar sem aukið magn mældist var aukningin meiri en heimilt er skv. starfsleyfi.

Ýmsir þættir s.s. veður og skipaumferð hafa áhrif á magn svifagna í sjó og var rætt á fundinum hverju mælingar á svifögnum skili og hvort hægt sé að breyta þeim á einhvern hátt, því að t.d. hefur skipaumferð fram hjá verksmiðjunni, aukist mjög mikið á undanförunum árum.

d. Hávaðamælingar

Minnt er á að rekstraraðili skal mæla hávaða þrisvar á dag og senda Umhverfisstofnun skv. gr. 4.1, 4.2 og 4.4 í starfsleyfi.

e. Aðrar ábendingar

Girðing umhverfis lóðina var tekin niður að hluta, vegna framkvæmda. Rekstraraðila er bent á að girða lóðina af við fyrsta tækifæri.

2. Önnur atriði úr starfsleyfi og eftirlitsskýrslum

a. Varp á náttúrulegu óvirku efni úr setlóni, í hafið

Heimild er fyrir varpi á 12.000 m³ af náttúrulegu óvirku efni í hafið. Ekkert hefur verið notað af þeirri heimild síðan í mars 2020 og eru því 7.080 m³ eftir af heimildinni. Rekstraraðila er bent á að senda Umhverfisstofnun upplýsingar a.m.k. árlega, um það magn sem varpað hefur verið í hafið.

b. Mælingar á setmyndun (gr. 4.2)

Minnt er á að taka á tíu kjarnasýni af botnseti, fjórða hvert ár. Síðasta sýnataka fór fram í september 2019 svo næsta sýnataka á að fara fram haustið 2023.

c. Skýrslugjöf (gr. 4.4)

Starfsleyfishafi er minntur á að fara vel yfir hvaða gögnum og niðurstöðum mælinga á að skila til Umhverfisstofnunar árlega skv. gr. 4.1 og 4.2 í starfsleyfi hans.

3. Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða

Farið var yfir áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða.

4. Kynning á heimildum til álagninga stjórnvaldssekta

Kynnt var ný heimild Umhverfisstofnunar til álagningar stjórnvaldssekta skv. 67. gr. laga nr. 7/1998.

5. Önnur mál

Rætt var um mögulega uppsetningu mæla í þorpinu til að meta magn og uppruna þess ryks sem kvartað hefur verið yfir.

Rætt var um mögulegar breytingar á mælingum á svifögnum í sjó. Sé óskað eftir breytingum á fyrirkomulagi mælinganna þarf starfsleyfishafi að óska formlega eftir þeim.

6. Skoðunarferð

Framkvæmdir eru í gangi á lóð verksmiðjunnar. Rekstraraðila er bent á, eins og áður hefur komið fram, að reyna eins og kostur er að halda lóðinni snyrtilegri og girða hana af sé þess nokkur kostur. Tómir spilliefnabrusar voru ekki sjáanlegir á lóðinni.

það var mælt þann 12. okt. 2022.

gr. 3.10 í starfsleyfi

Styrkukning svifagna fyrir utan setlón við uppðælingu í júní 2022, var yfir starfsleyfismörkum.

ÁBENDINGAR

Tvær ábendingar voru gerðar í eftirlitinu:

- a) Starfsleyfishafa er bent á að senda Umhverfisstofnun a.m.k. árlega upplýsingar um hversu miklu efni hann hefur varpað í hafið og hversu mikið er eftir af þeirri heimild sem hann hefur.
- b) Lóðinni skal halda snyrtilegri og hún skal vera afgirt.


ANNAÐ

Ítrekað er að taka skal sýni af botnseti skv. starfsleyfi, haustið 2023.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 13.12.2022



Freyr Evarsson

